

hlutaðeigandi amtmaður biður um það, hina árlegu meðgjöf með hinum heyrnarlausu og mállausu börnum, sem komið er til kennslu á opinberan kostnað til síra Páls Pálssonar, þannig, að borgunin verði greidd fyrirfram í hvert skipti fyrir hvert missiri eða hálf missiri, móti endurgjaldi sem fyrst eptir ráðstöfun hlutaðeigandi amtmanns.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörði það og gjörði þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst eptir málavöxtum á tillögur yðar fyrst um sinn, þó svo, að meðgjöfin verði að eins greidd fyrir hvert hálf missiri fyrirfram.

82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjársýki í nokkrum sýslum í suð-uramtinu. 29. septbr.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað skýrslu um, að í vor er var hafi að nýju orðið vart við fjárkláðann í Árnessýslu, og um ráðstafanir þær, er gjörðar hafa verið til að stöðva hann, hafið þér skýrt frá í bréfi, dagsettu 19. júnímán. þ. á., að í vetur og vor, er leið, hafi að sögn orðið vart við annan hættulegan næman sjúkdóm í fenu í Rangárvallasýslu og eystri hluta Árnessýslu. Sjúkdómi þessum sé lýst svo, að innýffin í hinum dauðu kindum, einkum lifur og lungu og stundum heilinn, sé full af ormum, og að þeir komi líka stundum út um munninn á kindunum. Þér hafið látið þá ósk í ljósi, að útlærður dýralæknir verði sendur til Íslands með 5. ferð gufupóstskipsins til þess að rannsaka sjúkdóm þenna, og leiðbeina landsmönnum með, hvernig eigi að fara að með hann, og geti dýralæknirinn svo farið heim aptur með seinustu ferðinni í ár. Í bréfi dagsettu 26. júlímán. seinast liðins hafið þér, herra stiptamtmaður, þarnaest skýrt ítarlegar frá um sjúkdóm þenna, og sent til sýnis nokkra orma m. m., sem fundizt hafa í kindunum, og að endingu ítrekað til-

1869.
29. septbr.

lögur yðar um, að útlærður dýralæknir verði sendur til Íslands til þess að rannsaka tæðan sjúkdóm.

Stjórnarráðið hefir veitt dýralækningaráðinu færi á að segja álit sitt um þessa sýki, og sent því orma þá o. fl., sem að framan er á vikið. Dýralækningaráðið hefir síðan skýrt frá, að ormar þeir, sem því hafi verið sendir, hafi verið tvennrar tegundar; önnur tegundin heiti ascaris, sè úr görnunum og eigi ekkert skylt við þessa sýki, en að orsökina til hennar sè aptur hin ormategundin, strongylus filaria; sú ormategund hafist við í lungnaþípunum, og það sè sannað með vísindalegum rannsóknnum, að ormar þessir eigi egg, að ungarnir skríði þegar úr þeim út í lungun, og að þeir berist með slíminu út um nefið og munninn, svo á þann hátt geti þeir komizt í aðrar kindur; menn viti þar að auki, að ungar þeir, sem þannig berast burtu, geta lifað lengi í votum jarðvegi, og að þeir eru mjög lífseigir, svo að þeir þola að þorna upp, og lifna aptur við, ef þeir vökna. Sökum þessa hefir dýralækningaráðið lagt það til, að lungun úr kindum, sem fá sýki þessa, verði gjörð að engu, og sömuleiðis að kindum þeim, sem hafðar eru í pössun (kvíám), verði haldið á beit á vallendi, sem mest að kostur er, því að ætla megi, að ungarnir þróist betur í votu haglendi. Hins vegar álitur dýralækningaráðið, að það sè ekki til neins verulegs gagns að senda dýralækni stuttan tíma til Íslands, en að Snorri Jónsson, lærisveinn í dýralæknisfræði, sem skrifast út frá háskólanum að vori sem útlærður dýralæknir og fer heim til Íslands aptur, geti fengið þá tilsögn, að hann geti til góðs gagns rannsakað kindur þær, sem fá sýkina, nákvæmar, og lagt ráð á, hvernig sjúkdómurinn verði læknaður, eða honum verði út rýmt, ef þess er kostur.

Þetta höfum vér ekki viljað láta hjá líða að gefa yður til vitundar, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörði það, og hefir stjórnarráðinu samkvæmt því, sem að framan er sagt, ekki virzt vera tilefni til að gjöra nú sem stendur frekari ráðstafanir í þessu efni.